

200 kr. sekt samkvæmt yfirjettardómi 26. mars 1917, og kærður Gunnar Juul 500 kr. sekt samkvæmt lögreglurjettarsætt 18. mars f. á. fyrir smyglun á áfengi.

Með tilliti til þessa þykir refsing kærðs Eiríks Kjerúlfs hæfilega metin 900 kr. sekt, refsing kærðs Halldórs G. Stefánssonar 600 kr. sekt og refsing kærðs Gunnars Juul 700 kr. sekt og renni sektin í ríkissjóð. Það þykir eigi næg ástæða til að svipta kærðan Eirík Kjerúlf læknisleyfi um stundarsakir enda heyrir spurning um það fremur undir landlækni sbr. lög nr. 38, 1911.

Allan kostnað málsins verða hinir kærðu eftir þessum úrslitum að greiða, og greiði þeir kostnaðinn in solidum.

Dómarinn lætur þess getið, að eftir að málið var tekið til dóms hafi framhaldsrannsókn fram farið og að skjöl málsins hafi í sama skyni verið send bæjarfógeta Reykjavíkur, þó það leiddi eigi til rjettarrannsóknar þar. Það og embættissannir, þar á meðal sýslufundahöld, hafa tafið fyrir því, að dómur yrði uppkveðinn í málinu fyr.

Það vottast að rekstur málsins hafi verið vítalaus og meðferð þess lögleg.

Miðvikudaginn 14. okt. 1925.

Nr. 19/1925. **Jóhannes J. Reykdal** (L. Fjeldsted)

gegn

**bæjarstjórn Hafnarfjarðar** (Enginn).

Landamerkmál.

Dómur merkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu 5. desbr. 1924: Landamerki milli jarðarinnar Setbergs í Gardahrepp í Gullbringusýslu annarsveggar og þess hluta Gardakirkjúlunds, sem með lögum nr. 13, 22. október 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupstað, skulu vera þau, sem hér segir:

Úr neðstu jarðbrú í Kaplakrika eftir Kaplakrika í hraunjarðarinn beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum rjett norðan við Baggalágar vestur af Setbergshamri, þaðan beina línu í stýflugarð rafstöðvarinnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markabúfu suður og uppi á

holtinu, þaðan í upptök lækjar þess, sem Hafnarfjarðarkaupstaður fær neytsluvatn sitt úr, þá í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli.

Gera skal glögt og haldgott merki í hraunjaðarinn vestur af stað þeim þar sem Kaplalæk er veitt úr eldri farvægi sínum norðan við Baggalágar.

Málskostnaður samkvæmt reikningi, kr. 250,00 greiðist að hálfu af eiganda Setbergs en að hálfu af bæjarsjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er ídæmdan málskostnað og merkjasetningu snertir innan þriggja daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Hin stefnda bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir eigi mætt eða látið mæta í máli þessu, þótt henni hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 5. júní 1796.

Ágreiningurinn í málinu er um það hvar sje að finna þrjá staði eða örnefni, er löglega gjörð og þinglesin landamerkjaskrá fyrir jörðunni Setbergi í Garðahreppi dags. 5. júní 1890 miðar landamerki jarðarinnar við. Örnefni þessi eru: Syðri-Lækjarbotnar, Silungahella og túngarðsendinn.

Áfrýjanda hefir nú ekki tekist að sanna það, að Syðri-Lækjarbotnar sjeu annarsstaðar, en þar sem merkjadómurinn hefir talið þá vera og miðað landamerkin við, nje heldur að í landamerkjaskránni sje miðað við annan túngarð, en þann, sem nú er vörslugarður fyrir Setbergstúni og í málinu eru ekki fengnar neinar ábyggilegar upplýsingar um hvar svonefnd Silungahella hafi verið eða sje.

Áfrýjandi hefir þannig ekki sannað, að rjetti hans sem eiganda Setbergs sje hallað með því að ákveða landamerki jarðarinnar eins og merkjadómurinn hefir gjört, en málinu hefir hinsvegar ekki verið gagn-áfrýjað, og eru því ekki fyrir hendi nægar ástæður til þess að ómerkja hinn áfrýjaða landamerkjadóm samkvæmt 15. gr. landamerkjaganna og ber því að staðfesta hann.

Með því að hin stefnda bæjarstjórn hefir ekki mætt, á málskostnaður í hæstarjetti að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er rekið útaf ágreiningi, sem er milli Jóhanness Reykdal, eiganda jarðarinnar Setbergs í Garðahreppi og bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna bæjarsjóðs sem eiganda þess hluta Garðakirkjulands, sem samkvæmt lögum nr. 13, 22. okt. 1912 var selt kaupstaðnum, um landamerki milli þess hluta Garðakirkjulands og jarðarinnar Setbergs. Lýsir eigandi Setbergs landamerkjunum á þessu svæði þannig: Úr neðstu jarðbrú Kaplakrika, svo eins og lækurinn afsker í túngarðsendann, sem er í vestur af Setbergshamri, úr honum í Silungahellu, sem stefndur efst á Hörðuvöllum í krikanum neðan við hraunið og er mjög auðþekktanlegur hellusteinn, þaðan suður í þúfuna sem á holtinu stendur, þaðan í Syðri-Lækjarbotna, sem er sunnan við grasblettinn suður af aðaluptökum lækjarins, suður undir hrauninu og kemur þar nú vatn upp, þaðan í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketsbéli. Umbodsmadur Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir aftur á nýti mótmælt þessu að því leyti að hann telur óupplýst hvar „neðsta jarðbrú“ sje og heldur sje eigi um annan túngarðsenda að ræða en þann sem nú sje fyrir vestan Setberg og viðhaldið sem á túslingarði, og ennfremur sje Silungahella ekki finnanleg.

Telur hann merkin vera gaddvirsgirðingu nokkra er gangi alla leið frá Stóráróki í Kaplakrika í nefnda þúfu í holtinu, norðvestanhalt á svonefndum Öldum og þaðan upp að Lækjarbotnum eins og girðingin ræður. Þó telur hann hana ganga of mikið út í hraunið til norður.

Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jörðina Setberg dags. 5. júní 1890, þingl. 9. s. m. og máldaga fyrir jörðina, dags. 6. júní 1525 eru landamerki hennar sem hjer segir: Úr miðjum Ketshelli og í stein þann er stendur í fremsta Tjarnholti, úr honum í Flóðhálsinn úr Flóðhálsinum í Álfatanga, úr honum í hellu þá, sem stendur í Lambhaga, þaðan í neðstu jarðbrú, svo eftir því er lækurinn afsker í túngarðsendann, þaðan í Silungahellu, svo þaðan í þúfuna sem á holtinu stendur, úr henni og í Syðri-Lækjarbotna, úr þeim og í Gráhellu, úr henni og í miðjan Ketshelli.

Málsaðilar eru á eitt sáttir um það, að neðsta jarðbrú á Kaplalæk muni hafa verið þar sem tjeð gaddavirsgirðing liggur yfir lækinn í Kaplakrika og er ágreiningurinn um merkin þaðan og að Gráhellu sem málsaðilar eru ásáttir um hvar sje sem og um Ketshelli.

Enginn ágreiningur er heldur um markapúfu þá, sem umræðir í landamerkjaskránni, en ágreiningurinn er um það, hvar þrír af þeim stöðum, sem mörkin eiga að liggja um, sjeu, sem sje túngarðsendinn, Silungahella og Syðri-Lækjarbotnar. Um hið síðasttalda örnefni hefir eitt vitnið talið rjett að þeir sjeu þar sem eigandi Setbergs telur þá vera, sem í lægð nokkurri sje fáa metra vestan við upptök lækjar þess sem neysluvatn Hafnarfjarðar er tekið úr. Seitlaði þar nú dálítið vatn er landamerkjadómurinn gekk á merkin fyrir þremur dögum síðan, en þegar gengið var á merkin 1922 var þar svo sem ekkert vatn sjáanlegt og enginn lækur.

Aftur hafa hin önnur vitni, er leidd hafa verið í málinu haldið því fram, að Syðri-Lækjarbotnar sjeu þar sem neysluvatn kaupstaðarins er nú tekið, enda virðist það sennilegast í alla staði og hafa vitni þau er leidd hafa verið að tilhlutun eiganda Setbergs talið það rangt, sem í vottorðum þeirra standi þar um. Landamerkjadómurinn hefir ekki getað sjeð aðra Lækjarbotna, en þá sem upptök lækjarins eru í og verður því að teljast eðlilegast að miða landamerkin við greinilegasta markastaðinn er þar sjest, sem sje sjálf upptök lækjarins, þar sem neysluvatn bæjarins er tekið og þykir því rjett að telja landamerkin beina leið úr fyr-

greindri markapúfu í lækjarupprásina, og þaðan beint í Gráhellu. Er þá aðalvafaatriðið merkin frá neðstu jarðbrú í Kaplakrika og í tjeða markapúfu og þau tvö örnefni sem merkin eiga að liggja um þar á milli, sem sje, túngarðsendinn og Silungahella. Við skoðun á merkjunum fanst ekki votta fyrir neinum túngarði nema þeim, sem nú er viðhaldið sem vörslugarði um Setbergstún og ekki sást nokkurstaðar votta fyrir túni eða tóftarbrotum nálægt Setbergshamri. Að túngarður hafi legið vestur frá Setbergshamri þar sem eigandi Setbergs heldur fram að hann hafi verið og verið það greinilegur 1523, að landamerki væru við hann miðuð, en væri nú svo gersamlega horfinn, að hvergi sæist móta fyrir honum, einkum ofan til þar sem líklegt væri að hann hefði verið hlaðinn úr grjóti að meira eða minna leyti, er mjög ósennilegt, því fyrir túngarðinum sjest mjög víða móta frá afarlöngu liðnum tíma. Ekkert mælir heldur á móti því í rauninni að merkin hafi getað verið talin eftir Kaplalæk frá Stórákrók að núverandi túngarði og að sá hafi verið á samastað á 16. öld og nú þó hann sje byggður upp að nýju. Og vel gat þá túngarðurinn endað við Kaplalæk og þá líklega austurkvísl hans ef hann var þá í tveim kvíslum og er því ekkert er sjerstaklega mæli á móti því að túngarður sá, er ræðir um í Setbergsbrjefi frá 1523 hafi verið á sama stað og nú, nema þá það, hve hornótt og afkáraleg merkin yrðu ef Silungahella væri talin vera þar sem eig-Setbergs telur hana vera og merkin væru talin liggja frá túngarðinum í hana og síðan í margnefnda markapúfu.

Í skjölum þeim, sem fram hafa verið lögð í málinu er engin upplýsing um það, hvar Silungahella hafi verið annað en það að örnefni þetta hlýtur að vera milli túngarðsenda þess, sem nefndur er og markapúfunnar á holtinu. Eigandi Setbergs hefir talið Silungahellu vera hraunbjarg nokkurt, sem nefnt hefir verið í seinni tíð Skotklettur, í hraunkrika efst og nyrst á Hörðuvöllum og hefir hann leitt þrjú vitni að þessu, er borið hafa að þau hafi heyrt hraunbjarg þetta nefnt svo, þó þannig að eitt vitnið hefir talið örnefnið hafa verið litla hellu, sem legið hafi fyrir neðan bjargið, en nú hafi verið tekin burtu. Annað þessara vitna kveðst einnig muna eftir að hafa sjeð þessa hellu. Aftur hafa tvö önnur vitni, sem hafa verið samtímis hinum að nokkru á Setbergi á yngri árum sínum borið, að þau hafi aldrei heyrt talað um Silungahellu á þessum stöðum fyr en nú nýlega og hafi aldrei vitað landamerkin miðuð við þann stað, sem eigandi Setbergs telur vera

Silungahellu. — Annað vitnið telur merkin þegar það var á Setbergi á æskuárum sínum hafa verið talin eftir Kaplalæk og tjörn-um, sem hann rennur um alla leið að þeim stað er lækurinn fer gegnum túngarðinn á Setbergi rjett fyrir ofan trjesmiðju Jóh. Reykdals og þaðan í tjeða markapúfu á holtinu, en hitt telur þau hafa verið haldin nálægt beinni línu úr Kaplakrika í markapúfuna. Öllum ber þó vitnunum saman um það, að Baggalágar hafi jafnan verið taldar í Setbergslandi eftir því sem þau viti til. Einnfremur hefir eitt vitnið borið það, að hafa heyrt að eitthvað af austurhluta Hamarskotsmýrar væri í Setbergslandi og annað vitnið hefir borið það, að móðir sín hafi eitt sinn sagt við Hamarskotsbóndann er hann tók upp mó þar í mýrinni, að nú væri hann að taka upp mó í Setbergslandi. Ef rjett væri að eitthvað af þessari mýri væri í Setbergslandi, þá fellur það stykki Hafnarfjarðar-megin við beina línu úr neðstu jarðbrú í markapúfunu og gæti þá markalínan legið í Skotklett eftir því úr markapúfunni. En að þessi Skotklettur og Silungahella sje það sama er vegna lögun klettsins næsta ólíklegt, þar sem hella er í venjulegri merkingu átt við flatan stein og þunnan, Skotklettur er aftur á móti hornótt hraunbjarg, drangur, sem að vísu hefir einn nokkurnveginn sljettan en mjög hrufóttan lóðrjettan kant, en því fer fjarri að á honum sje nokkurt hellulag. Aftur hefir Gráhella, sem eigandi Setbergs telur líka Skotkletti, stóran og all vel sljettan skáhallan flöt, sem er þannig að vel má nefna það hraunbjarg, hellu (hraunhellu). Af lögun Skotkletts er því ómögulegt að draga þá ályktun, að hann hafi verið nefndur Silungahella fyrir á tímum og heldur ekki getur nafnið talist sennilega stafa frá hyl þeim sem eitt vitnið hefir nefnt að hafi verið í læknum á miðjum Hörðuvöllum og nefndur hafi verið Silungahylur. Og að landamerki hafi verið miðuð við lausa hellu litla, sem legið hafi undir klettinum eins og eitt vitnið vill halda fram, er lítt hugsanlegt.

Í málinu hefir verið lagt fram vitnisburðarskjal síra Einars Ólafssonar og Egils Einarsonar um landamerki Garðakirkjulaunds dags. 1579.

Sjest af því að síra Einar hefir um langan tíma haldið Garðastað og þá talið mörkin milli Setbergs og Garða liggja eftir læknum fyrir sunnan Setberg og eftir Kaplalæk frá því er lækirnir koma saman fyrir neðan Setberg. Þetta hafa verið mjög glögg og greinileg merki, enda þótt Kaplalækur renni að nokkru gegnum tjarnir og fen og rynni þá ef til vill í tvennu lagi um

Baggalágar. Annaðhvort væri Setbergsbrjefið þá að engu haft, eða það er síðari tíma tilbúningur, þar sem vottorðsgefendur nefna það ekki. En það sýnir að þegar á 16. öld og 17. hefir verið vafi um landamerki Setbergs á svæðinu frá Kaplakrika til Lækjarbotna og hafi Setbergsbrjefið þá verið til, hefir hlotið þá þegar að vera vafi á um örnefnin í því sem enn er eigi leystur. Og landamerkjaskráin frá 1890 hefir ekkert bætt úr þessu, því hún endurtekur að eins önefnin í Setbergsbrjefi án þess að það sjáist að neitt hafi verið athugað um það hvar þau sju. T. d. gæti túngarðsendinn, ef annar væri en í garði þeim, sem nú er um Setbergstún ekki verið með öllu horfinn síðan 1890, ef hann hefir þá verið svo greinilegur að til mála kæmi að miða landamerki við hann. Landamerkjadómurinn álitur þó ekki að skilja beri ákvæði landamerkjaskrárinnar þannig að því beri að slá föstu, að landamerkin liggi eftir Kaplalæk alla leið í túngarð þann eina sem nú finst, þar eð með því yrði engjaspildan Baggalágar, sem eftir framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, jafnan hefir verið nytjuð frá Setbergi eftir því sem þau þekkja til, skilin frá Setbergi að nokkru leyti og það líklega með órjettu. Ennfremur telur landamerkjadómurinn líkur þær, sem eigandi Setbergs hefir fært fyrir að Skotklettur sje sama og Silunghella ekki nægar til þess að álíta hana hafa verið það, af því að kletturinn líkist alls ekki hellu og engin hella er þar finnanleg nálægt, enda mörkin svo afkáraleg, ef talin væru bæði um túngarðinn og Skollaklett, að ekki virðist koma til mála að þau hafi legið þannig. Virðist því ekki hægt að taka örnefnin, túngarðsendann og Silungahellu til greina við ákvörðun landamerkjanna milli neðstu jarðbrúar og margnefndrar Markapúfu, nema að því leyti að Silungahella virðist hafa verið í norður frá markapúfunni og því ekki ólíklegt að eitthvað af austurhluta Hamarskotsmýrar setti að fylgja Setbergi, eins og líka nokkrar líkur virðast til eftir framangreindum framburði tveggja vitna. Er ekki ósennilegt að Silungahella hafi verið einhversstaðar í eða fast við læk þann, sem rafstöð Hafnarfjarðar fær afl sitt úr.

Umboðsmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir talið það sönnun þess að núverandi eigandi Setbergs hafi ekki talið sig eiga land lengra en að girðing þeirri, er hann hefir sett milli Kaplakrika og Markapúfunnar, að hann hefir sótt um byggingarleyfi til umráðamanns Garðakirkju þegar hann bygði rafstöð Hafnarfjarðar, sem var áður en Hafnarfjarðarkaupstaður eignaðist landið 1912

og ennfremur hafi haun 1920 sótt um byggingarleyfi til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar undir aðra byggingu á landshluta þeim, er hann telur nú eiga að falla undir Setberg. Þetta getur þó landamerkjadómurinn ekki talið að hafa þá þýðingu að eigandi Setbergs hafi þar með afsalað sjer öllu tilkalli til landsins, ef síðar upplýstist að Setberg ætti það.

Landamerkjadómurinn getur ekki talið það sannað, að landamerki Setbergs sjeu rjett sett með gaddavirsgirðingu þeirri, er eigandi Setbergs hefir sett, enda er hún ekki bein nje vel fallin til að hafa landamerkin eftir henni. — Hinsvegar verður að álíta, að það sje eiganda Setbergs að sanna það, að landamerki jarðarinnar sjeu þar sem þau hafa verið haldin í hans tíð, eða að sönnunarbyrgðin ætti að minsta kosti að hvíla á honum í þessu efni. Hann hefir með framburði vitna fært nokkur rök fyrir máli sínu, þó ekki geti landamerkjadómurinn fallist á þau sem sönnun og með tilliti til þess, sem að framan segir, þykir landamerkjadómnum rjett að víkja mörkunum lítið eitt til frá gaddvirsgirðingunni svo að gleggri mörk fáist, og þykir því rjett að ákveða þau eftir Kaplalæk og í hraunjaðarinnu beint vestur af stað þeim þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rjett norðan við Baggalágar, vestur af Setbergshamri, og skal þar setja glögt og haldgott merki, þaðan beina línu í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar og síðan eftir honum og beina línu í Markapúfu suður og upp í holtinu. — Með þessu yrðu að teljast fengin mjög glögg og greinileg merki.

Eftir þessu ber að dæma landamerki milli Setbergs og Hafnarfjarðarkaupstaðar úr neðstu jarðbrú í Kaplakrika eftir Kaplalæk í hraunjaðarinnu beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum rjett norðan við Baggalágar vestur af Setbergshamri, þaðan beina línu í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar, síðan eftir honum og beina línu í Markapúfu suður og upp í holtinu, þaðan í upptök lækjar þess sem neysluvatn Hafnarfjarðar er tekið úr, þaðan í Gráhellu og þaðan í miðjan Keshelli.

Málskostnaður alls kr. 250,00 samkvæmt framlögðum reikningi þykir hæfilegt að greiðist að hálfu af hvorum aðila eftir málavöxtum, en falli að öðru leyti niður.